

REYKJAVÍKURBORG
17 MARS 2017

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og
starfsáætlunar



Umhverfis- og skipulagssvið

Greining þjónustupáttar: Vinnuskóli Reykjavíkur

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Umhverfis- og skipulagssvið/ Umhverfisgæði

Nafn ábyrgðaraðila: Ólöf Örvarsdóttir sviðstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs

Teymisstjórar: Hreinn Ólafsson og Steinunn Rögnvaldsdóttir

Greiningarteymi: Guðmundur Benedikt Friðriksson, Magnús Arnar Sveinbjörnsson, Hreinn Ólafsson og Steinunn Rögnvaldsdóttir

Samstarfsaðilar: Lára Rúnarsdóttir og Ásdís Ásbjörnsdóttir

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2016:

Kostn.st.	Heiti	Sundurliðun kostnaðar	Esk. áætlun 2016 þús. kr.
U5800	Vinnuskóli, skrifstofa	Laun og launatengd gjöld	26.697
U5800	Vinnuskóli, skrifstofa	Annar rekstrarkostnaður	4.390
U5800	Vinnuskóli, skrifstofa		31.087
U5810	Nemendur Vinnuskóla	Laun og launatengd gjöld	72.599
U5810	Nemendur Vinnuskóla	Annar rekstrarkostnaður	1.955
U5810	Nemendur Vinnuskóla		74.554
U5820	Leiðbeinendur Vinnuskóla	Laun og launatengd gjöld	82.289
U5820	Leiðbeinendur Vinnuskóla	Annar rekstrarkostnaður	5.415
U5820	Leiðbeinendur Vinnuskóla		87.704
U5830	Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans	Laun og launatengd gjöld	10.762
U5830	Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans	Annar rekstrarkostnaður	2.735
U5830	Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans		13.497
U5840	Þjónustumiðstöð Vinnuskólans	Laun og launatengd gjöld	13.059
U5840	Þjónustumiðstöð Vinnuskólans	Annar rekstrarkostnaður	21.189
U5840	Þjónustumiðstöð Vinnuskólans		34.248
		Samtals Vinnuskólinn:	241.089

Hver eru helstu verkefni innan þjónustupáttarins?

Megin hlutverk Vinnuskóla Reykjavíkur er að veita nemendum úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur uppbyggileg sumarstörf og fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Verkefni skólans snúa helst að garðyrkju og umhirðustörfum og hreinsun. Nemendur með grasofnæmi sinna málningavinnu. Hluti nemenda fer til starfa í félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða í íþrótt- og æskulýðsfélögum. Fræðsla er veitt af starfsfólki Vinnuskólans og fræðslustarfsfólki sem skólinn fær til liðs við sig, svo sem jafningjafræðurum Hins hússins.

Hver eru áhrif þjónustubáttarins á fólk eftir kyni og áhrifin á jaðarsetta hópa?

Að jafnaði eru fleiri strákar en stelpur skráðir í skólann; um 52-57% á móti 43-48%. Sumarið 2016 voru hlutföllin 43,8% stúlkur á móti 56,2% strákar. Líklegasta skýringin er sú að stúlkum bjóðist frekar störf annars staðar frekar en strákum (niðurstöður könnunar um atvinnu- og frístundamál barna eftir 8. bekk, framkvæmd 2013, styðja við þetta). Ef horft er til síðustu 5 sumra þá hefur hlutfall stúlkna farið minnkandi samhliða fækkun í skólanum. Fækkunin stafar líklega fyrst og fremst af auknu starfsframboði á markaði og ef raunin er sú að stúlkum bjóðist frekar önnur störf þá er ekki óeðlilegt að þeim fækki í skólanum. Kannanir á líðan ungmenna í Vinnuskóla Reykjavíkur hafa verið framkvæmdar af hálfu skóla- og frístundasviðs allt frá 2009. Upplýsingum um fjölda stúlkna og drengja sem taka könnunina er safnað, en svörin eru ekki greind með tilliti til kyns. Á bilinu 4-8% hafa verið frekar eða mjög ósammála því að hafa liðið vel síðustu ár, en um 83-92% frekar eða mjög sammála (5-11% hlutlaus). Í töflu 1 hér að neðan sjást fjöldatölur og kynjahlutföll meðal nemenda síðustu fimm sumur.

Ártal	KVK	% KVK	KK	% KK	Heildarfjöldi
2012	743	46,0%	873	54,0%	1616
2013	735	46,3%	853	53,7%	1588
2014	725	46,0%	852	54,0%	1577
2015	634	44,5%	791	55,5%	1425
2016	514	43,8%	660	56,2%	1174
Heild:	3351	45,4%	4029	54,6%	7380

Tafla 1. Kynjahlutföll nemenda 2012-2016.

Skólastjóri Vinnuskólans og starfsmaður þjónustumiðstöðvar eru einu fastráðnu starfsmenn Vinnuskólans, báðir eru karlmenn. Þegar horft er til sumarráðninga starfsfólks Vinnuskólans síðustu 5 ár þá eru konur um 47% ráðinna á móti 53% karla. Árið 2016 skar sig þó nokkuð úr þar sem konur voru um 53% á móti 47% karla. Það sem helst ræður kynjahlutföllum sumarstarfsfólks er einfaldlega hverjir/hverjar þiggja störfin því það hefur ekki verið mikið um það að hafna hafi þurft umsækjendum. Þetta á sérstaklega við um leiðbeinendastörfin þar sem ráða þarf fjölmarga, en þó hefur starfsfólki fækkað síðustu sumur í takt við fækkun nemenda. Fjöldi nemenda og þar með starfsfólks virðist haldast þétt í hendur við stöðu á vinnumarkaði. Á uppgangstímum er fækkun en fjölgun þegar að kreppir æð. Árið 2011 var tekin ákvörðun af borgaryfirvöldum um að taka ekki á móti nemendum í 8. bekk vegna hagræðingar¹ og síðan þá hefur nemendahópur Vinnuskólans samanstðið af ungmennum úr 9. og 10. bekk. Tafla 2 sýnir fjöldatölur og kynjahlutföll meðal sumarráðins starfsfólks síðustu fimm ár.

Ártal	KVK	%KVK	KK	%KK	Heildarfjöldi
2012	56	48,3%	60	51,7%	116
2013	59	48,8%	62	51,2%	121
2014	50	43,1%	66	56,9%	116
2015	51	43,2%	67	56,8%	118
2016	40	53,3%	35	46,7%	75
Heild:	256	46,9%	290	53,1%	546

Tafla 2. Kynjahlutföll sumarstarfsfólks 2012-2016.

¹ http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3821/1198_read-25654/1198_page-14/

Vinnuskólinn starfar samkvæmt stefnu um skóla án aðgreiningar² sem er opinber menntastefna í landinu. Því býðst öllum nemendum á tilskildum aldri að starfa í skólanum óháð fötlunum, sjúkdómum eða öðrum röskunum sem geta haft áhrif á þeirra getu og störf. Þegar getið er um raskanir nemanda við skráningu er haft samband við viðkomandi foreldra og fundið út úr því hvar nemandinn getur mögulega starfað.

Vinnuskólinn er jafnframt í samstarfi við skóla- og frístundasvið (SFS) um þjónustu við nemendur með fatlanir (úr Klettaskóla eða öðrum skólum) eða félagslega vanvirkni (félagsmiðstöðvastarf). Um er að ræða samstarfssamning þar sem Vinnuskólinn greiðir SFS fyrir hluta þess starfsfólks sem starfar með nemendum að sumarlagi. Nemendur með fatlanir starfa í Öskju sem er félagsmiðstöð Klettaskóla eða í svo kölluðum frístundaklúbbum í hverfum. Sumir nemendur eru í sínum heimaskólum og fara í hópa með samnemendum sínum úr þeim skólum, en það er nokkuð lítið um það. Nemendur sem sýna félagslega vanvirkni eru valdir í starf í félagsmiðstöðvum. Ekki allir krakkar með félagslega vanvirkni fara í félagsmiðstöðvar, þá má í raun finna í flestum hópum Vinnuskólans. Öllum nemendum er boðið á sameiginlega viðburði s.s. grill í lok sumars o.p.h.³

Atvinnutengt nám er úrræði á vegum SFS og VEL og er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla í Reykjavík, sem vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningalega örðugleika að stríða sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla. Verkefnastjóri atvinnutengds náms sér um að velja nemendur til verkefnisins en umræddir nemendur hafa þá tekið þátt í verkefninu um veturinn þannig að um áframhaldandi þátttöku þeirra er að ræða. Til eru kyngreindar upplýsingar um þetta starf (sjá töflu 3).

Nemendum af erlendum uppruna sem hafa dvalið skamman tíma á landinu hefur boðist að taka þátt í sérstakri fræðslu á vegum Vinnuskólans sem kölluð var Málrækt í sumarstarfi (síðar Fjölmennningarfræðsla). Hún miðar að félagslegri styrkingu en fræðslan féll niður 2016 vegna manneklu og óvíst er hvort og hvernig fræðslunni verður fram haldið. Ekki eru til kyngreindar upplýsingar um þetta starf. Í töflu 3 hér að neðan er að finna tölulegar upplýsingar um nemendur úr ofangreindum hópum árin 2012-2016.

² Sjá http://menntavisindastofnun.hi.is/skoli_an_adgreiningar og <http://reykjavik.is/foreldravefurinn/skoli-adgreiningar>

³ Það hafa ekki verið neinar ánægjumælingar vegna þessa fyrirkomulags en foreldrar t.d. barna í Klettaskóla hafa verið ánægðir með að börn þeirra séu áfram í rúttinu og með tengsl við starfsfólks sem þau þekkja.

Ártal	Starfsemi	KVK	% KVK	KK	% KK	Heildarfjöldi
2012	Félagsmiðstöðvar	83	52,9%	74	47,1%	157
	Frístundaklúbbar	13	50,0%	13	50,0%	26
	Atvinnutengt nám	6	54,5%	5	45,5%	11
	Málrækt	N/A	N/A	N/A	N/A	19
2013	Félagsmiðstöðvar	22	50,0%	22	50,0%	44
	Frístundaklúbbar	10	55,6%	8	44,4%	18
	Atvinnutengt nám	7	63,6%	4	36,4%	11
	Málrækt	N/A	N/A	N/A	N/A	28
2014	Félagsmiðstöðvar	37	47,4%	41	52,6%	78
	Frístundaklúbbar	7	30,4%	16	69,6%	23
	Atvinnutengt nám	5	50,0%	5	50,0%	10
	Málrækt	N/A	N/A	N/A	N/A	31
2015	Félagsmiðstöðvar	63	46,7%	72	53,3%	135
	Frístundaklúbbar	14	51,9%	13	48,1%	27
	Atvinnutengt nám	4	50,0%	4	50,0%	8
	Málrækt/fjölmennig	N/A	N/A	N/A	N/A	7
2016	Félagsmiðstöðvar	56	58,9%	39	41,1%	95
	Frístundaklúbbar	9	47,4%	10	52,6%	19
	Atvinnutengt nám	11	57,9%	8	42,1%	19
	Málrækt/fjölmennig	0	0,0%	0	0,0%	0
Heild:		347	51,0%	334	49,0%	681 (766)

Tafla 3. Kynjahlutföll nemenda í nokkrum jaðarsettum hópum 2012-2016.

Á fyrstu árum Vinnuskólans voru verkefni stráka önnur og líkamlega erfiðari en stúlkna. Strákarnir störfuðu við skurðgröft og grjóthreinsun en stúlkurnar við útplöntun blóma og gróðurumhirðu. Langt er síðan kynjaskipting í vinnuflokka og við verkefni var afnumin. Strákar og stelpur starfa saman í öllum vinnuflokkum skólans. Ekki er val um störf heldur er lagt upp með að nemendur prófi að vinna öll verk. Verkefnin snúa að margvíslegri umhirðu og garðyrkjustörfum í borgarlandinu en nemendum með slæm gróðurofnæmi býðst að starfa í málningarhóp eða jafnvel á leikskóla.

Starfsemin hefur ekki sérstök jafnréttismarkmið önnur en þau sem getið er um í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um skóla án aðgreiningar. En þó er ljóst að starfsemi skólans felur í sér jöfnun tækifæra til félagslegrar virkni og efnahagslegs jafnræðis, með því að allir nemendur í 9. og 10. bekk í Reykjavík hafa jafnt aðgengi til náms og þátttöku í skólanum. Skólinn nýtur liðsinnis jafningjafræðslu Hins hússins sem leggur áherslu á gildi góðrar sjálfsmýndar, heilbrigðan lífsstíl, ókosti vímuefnaneyslu og samskipti í raunheimum og á netmiðlum. Leiðbeinendur fá einnig fræðslu hjá t.d. Jafnréttisskólanum, m.a. um hvernig á að sporna gegn staðalímyndum og heftandi hugmyndum um kynhlutverk og auka jafnrétti kynja og jaðarsettra hópa, þannig að þó að slíkt sé ekki yfirlýst jafnréttismarkmið Vinnuskólans þá vonast stjórnendur hans til að það sé engu að síður það sem skólinn stuðli að.

I. Hefur þjónustupátturinn eða verkefni sem til hans heyra einhver jafnréttismarkmið?? (getur verið fleira en eitt)					
<input checked="" type="checkbox"/>	Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/>	Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/>	Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
<input type="checkbox"/>	Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/>	Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði	<input checked="" type="checkbox"/>	Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
<input type="checkbox"/>	Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/>	Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input type="checkbox"/>	Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
<input checked="" type="checkbox"/>	Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæði	<input checked="" type="checkbox"/>	Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun		

Aðgerðir

Því verður beint til skóla- og frístundasviðs að svör nemenda í könnunum þar sem spurt er um líðan í Vinnuskólanum, séu kyngreind.

Nemendum af erlendum uppruna sem hafa dvalið skamman tíma á landinu hefur boðist að taka þátt í sérstakri fræðslu sem miðar að félagslegri styrkingu en ekki eru til kyngreindar upplýsingar um það starf. Framhald verkefnisins er óráðið en verði því haldið áfram skulu upplýsingar um þátttakendur verða kyngreindar.

Eftirlit og mat

Haust 2017 skal því fylgt eftir að skýrsla SFS taki mið af aðgerðum sem um er getið hér að ofan.

Fylgst verður með því hjá skrifstofu umhverfisgæða hvort að framhald verði á verkefninu um félagslega styrkingu fyrir nemendur af erlendum uppruna og ef svo er að upplýsingar um þátttakendur verði kyngreindar.

Starfshópur KFS á USK hefur eftirlit með að þessu sé fylgt eftir.